



VERÐLAUNAMYNDIR

Verðlaunamyndirnir 2012

Dómnefnd:

Porkell Þorkelsson, formaður

Haraldur Hannes Guðmundsson

Karl Petersson

Dagur Gunnarsson

Bjarni Eiríksson

Hördur Sveinsson

Gísli Egill Hrafnsson



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson

Mynd ársins



Umsögn dómnefndar:



Í þessari einföldu mynd er sögð flókin saga þjóðfélagsátaka liðinna ára. Þrátt fyrir einfaldleikann er hægt að túlka myndina á marga vegu og leggja margþætta merkingu í hana. Þetta er skemmtileg nálgun á annars hefðbundið viðfangsefni fréttaljósmynda þar sem ljósmyndarinn sýnir áhorfandanum nýtt og skemmtilegt sjónarhorn með gráglettnislegri kímni. Það er engin tilviljun sem ræður för hér. Myndasmiðurinn gerir sér far um að sýna áhorfandanum sitt sjónarhorn og tekst vel upp með sterkri og einfaldri myndbyggingu.

Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson



Álit dómnefndar:

Ljósmyndarinn þorir að að fara nýja leið í myndsköpun og býr til góða mynd sem sýnir hreyfingu og fjölbreytileika íþróttarinnar á listrænan hátt. Þessi mynd er vel heppnuð tilraun til að gera eitthvað tæknilega frumlegt, brjótast úr úr klísu íþróttaljósmyndunar og á skemmtilegan hátt minnir þessi mynd á árdaga ljósmyndunar þar sem tæknin var notuð til að sýna hreyfingar manna og dýra á nýjan hátt. Þessi mynd fangar röð augnablika með skemmtilegum hætti og notfærir sér nýja tækni á listfenginn hátt og gefur áhorfandanum nýjar víddir til að velta vöngum yfir.

Daglegt líf



Ljósmyndari:
Ómar Óskarsson



Álit dómnefndar:

Hnyttin og lýsandi mynd sem ber vökuðu auga ljósmyndarans vitni.



Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:
Kristinn Magnússon



Álit dómnefndar:

Stílhrein og vel gerð mynd. Fáguð og öguð vinnubrögð ljósmyndara.

Portrettmynd ársins




Álit dómnefndar:

Mjög sterkt portrett þar sem saman fer frumlegt sjónarhorn, markviss litanotkun og tákrræn notkun umhverfis. Myndin er tekin í tilefni umfjöllunar um málefni sem lengst af hefur verið viðkvæmt í samfélaginu. Ljósmyndari fer hér næmum höndum um viðfangsefnið sem líkt og rísi hér úr djúpinu og upp á yfirborðið til ljóssins.



Ljósmyndari:
Haraldur Jónasson



Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:
Gunnar V. Andrésson



Álit dómnefndar:

Augnablikíð fangað í ákaflega tignarlegri en jafnframt dramatískri mynd þar sem náttúran sýnir styrk sinn við ný og gömul kennileiti borgarinnar. Okkur hættir til að gleyma því að borgin er landslag í sjálfu sér. Góð ljósmynd getur sýnt okkur kunnuglega staði í nýju ljósi eða vakið óvænt hughrif þar sem við bjuggumst ekki við þeim. Þetta er vel byggð mynd þar sem staðsetning ljósmyndarans og augnablikíð skipta öllu máli.

Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Eyþór Árnason



Álit dómnefndar:

Myndin sem nefndin valdi í ár er sterk og sígild fréttamynd sem getur staðið sjálfstæð án textaskýringar og segir áhorfandanum tafarlaust áhrifamikla sögu. Styrkur myndar-



innar felst í góðri myndbyggingu sem stuðlar að því að áhorfandinn dregst inn í augnablikíð og fer samstundis að velta aðstæðum og ástæðum fyrir sér. Glæpaaldan sem hefur riðið yfir land og þjóð á undanförnum misserum hefur verið ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni og mikið fjallað um hana í fjölmöldum og því ekki úr vegi að fréttamynd ársins sýni eina hlið á því máli. Það sem skiptir öllu máli í fréttaljósmyndun er að fanga augnablikíð, segja sögu með skýrum hætti. Þegar best tekst til þarfnað slík mynd ekki frekari skýringar með texta og það þykir dómnefndinni að þessi mynd geri með glæsibrag.

Myndröð ársins



Álit dómnefndar:

Góð tilraun til að segja sögu í myndum. Þarna er á ferðinni röð mynda sem sýna áhorfandanum sögu drengs sem tekst á við lífið og erfiðleika þess og færir áhorfandanum heim sanninn um hvernig hægt er að njóta lífsins á marga vegu. Það sem þessi myndaröð hefur umfram aðrar sem kepptu í þessum flokki í ár er að hér er ekki einungis röð mynda frá einum viðburði heldur er gerð atrenna að því að sýna söguna á bakvið hversdagslíf venjulegs drengs sem þarf að kljást við fötlun sína. Hér hefur verið hugsað út í flæði og söguþráð á myndrænan hátt.



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson